



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Aðalfundur 3. apríl 2013

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Aðalfundur Hestamannafélagsins Glaðs, haldinn í Leifsbúð 3. apríl 2013.

Á fundinn mættu 21 félagar.

1. Þórður Ingólfsson formaður setti fundinn og lagði til að Guðbjörn Guðmundsson yrði fundarstjóri og Gyða Lúðvíksdóttir ritari. Það var samþykkt.
2. Fundurinn hófst á kynningu Hrossaræktarsambands Vesturlands, Hrossvest og mættu til þess Gíslí Guðmundsson formaður og Stefán Ármannsson varaformaður. Glaður gekk inn í sambandið 10. maí 2012 eftir 35 ára fjarveru.
3. Formaður flutti skýrslu stjórnar um starfsemi félagsins á síðasta starfsári. Haldnir voru 4 formlegir stjórnarfundir, eitt af fyrstu verkefnum var að óska eftir inngöngu í Hrossvest og skipaði stjórnin í kynbótanefnd.

Árið 2012 voru haldin fleiri mót en nokkru sinni, 2 lögleg mót, þ.e. íþróttamót í maí og Hestaping í júní, bæði opin og tókst vel til. Liðakeppnin verðlaunuð í lok íþróttamótsins. Skemmtileg nýbreytni á hestapinginu að vera með ræktunarbúasýningar. Úrtökumót v. landsmóts var í Borgarnesi í byrjun júní, 6 fulltrúar fóru svo á landsmót. Bikarmót Vesturlands var svo í Stykkishólmi í lok ágúst, Styrmir náði þar góðum árangri.

Fræðslustarfið er búið að vera öflugt og fullt af viðburðum fyrirhugaðir. Farið var í fjöruferð með börn sem voru á reiðnámskeiði. Krakkahittingur var í Hvítadal í janúar. Sjöfn Sæmundsdóttir var með tveggja helga námskeið í vetur og Skjöldur Orri er með vikuleg námskeið. Námskeið í reiðtygjagerð var fyrirhugað en féll niður v. þátttöku. Farið var í hópferð á Stóðhestaveislu á Sauðárkróki. Á næstunni fyrirhuguð ferð á sýninguna Æskan og hesturinn í Reykjavík. Einnig fyrirhugað námskeið um byggingardóma 14. apríl með Valberg Sigfússyni.

Reiðvegir, unnið hefur verið fyrir styrkfé við veg frá Breiðamel framhá Saurum og Ási, vegur færður fjær þjóðvegi.

Eftir er að verðlauna knapa ársins 2012 (búið að velja hann) Vinnudagur var í júní, mótsvæði snyrt og slegið. Nesoddi ehf. Glaður á rúmlega 60% aðalfundur var í ágúst, formaður fór með atkvæði félagsins. Stjórn skipað Eypóri, Svölu og Valberg fyrir Glað. Sigurður Jökulsson fyrir Hrossaræktarsamband Dalamanna og Viðar fyrir aðra hluthafa.

Nýjir félagar á árinu 21, hættir 7. Fjöldi félagsmanna nú 154.

4. Gjaldkeri fékk orðið og lagði fram ársreikning félagsins fyrir árið 2012. Á rekstrarreikningi eru gjöld samtals 2.954.471 og tekjur samtals 3.341.993 fyrir afskriftir sem eru 715.402, rekstrarniðurstaða er því 327.880. Á efnahagsreikningi 31.12.2012 eru eignir samtals 9.481.278, skuldir og eigið fé 9.481.278.
5. Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar samþykktir.

6. Kosningar skv. 6 grein.

Til stjórnar, gjaldkeri og ritari sem Gyða hefur verið í 1 ár eftir að Þórður fór í formannsembættið. Svala Svavarsdóttir endurkjörin gjaldkeri til 3 ára. Gyða Lúðvíksdóttir endurkjörin ritari til 3 ára.

Varagjaldkeri endurkjörinn Halldór Gunnarsson og vararitari Harald Ó Haralds.

Valberg Sigfússon var endurkjörinn skoðunarmaður reikninga til 2 ára.

Kjóri fulltrúa á UDN þing var vísað til stjórnar.

7. Kosning nefnda.

Fræðslunefnd:

Heiðrún Sandra Grettisdóttir formaður

Ágústa Rut Haraldsdóttir

Svanborg Einarsdóttir

Reiðveganefnd:

Guðbjörn Guðmundsson formaður

Kári Lárusson

Ólafur Guðjónsson

Fulltrúi Glaðs í reiðveganefnd Vesturlands: Guðbjörn Guðmundsson

Mótanefnd:

Einar Jón Geirsson formaður

Svanhvít Gísladóttir

Skjöldur Orri Skjaldarson

Styrmir Sæmundsson

Inga Heiða Halldórsdóttir

Skemmtinefnd:

Skjöldur Orri Skjaldarson formaður

Eyþór Gíslason

Gunnar Örn Svavarsson

Unnsteinn Hermannsson

Valdís Gunnarsdóttir

Tölvu og tækninefnd:

Svala Svavarsdóttir formaður

Ásgeir Salberg Jónsson

Þórður Ingólfsson

Eyþór Gíslason

Sigrún Hanna Sigurðardóttir

Umræða um hvort tilefni væri til að kjósa sérstaka kaffinefnd, ákveðið að hafa óbreytt fyrirkomulag á því.

8. Ákvörðun árgjalds, samþykkt að hafa óbreytt 5.000 kr fyrir 17 ára og eldri en 2.000 kr. fyrir 13-16 ára.

9. Önnur mál.

- a) LH þing. Þórður Ingólfsson og Eyþór Gíslason fóru sem fulltrúar félagsins. Þingið haldið á Hótel Natura í Reykjavík 19.-20. október 2012. Eyþór fór yfir dagskrá þingsins. Þórður var i keppnisnefnd á LH og Eyþór í allsherjarnefnd. Glaður sendi inn á þingið tillögu um breytt fyrirkomulag á úrtökumótum. Tillagan var samþykkt í allsherjarnefnd en felld í keppnisnefnd, lagt fyrir þingið og felld þar. Tillaga Glaðs varð til að líflegar umræður sköpuðust.

- b) Heiðrún Sandra ræddi búningamál Glaðs, sagði að 3 af 6 keppendum hafi keppt í félagsjökkum á síðastliðnu landsmóti, sagði að sér fyndist búningur Glaðs ekki fallegur. Heiðrún Sandra og Ágústa Rut lögðu áherslu á að skipta um lit á jakka, þá helst yfir í svartan jakka. Mörg félög eru komin með svarta jakka. Líflugar umræður spunnust um þetta mál og skiptar skoðanir á því. T.d að mörg félög eru í svörtum jökkum, þá mjög einsleitt. Rætt um að ekki er í lögum að þurfi að keppa í félagsjökkum, þannig að hver hefur það eftir sínu höfði. Skjöldur nefnir að þessi umræða komi upp aftur og aftur reglulega, finnst að keppendur á stórmótum eigi að nota félagsjakka hver svo sem litur er. Gunnar Örn rifjaði upp að svipuð staða hefði komið upp á árum áður varðandi grænu jakkana. Gyða kom með þá tillögu að stjórnin tæki þetta til skoðunar fyrir næsta aðalfund, koma með prufur og kanna kostnað o.fl. Auglýsa þetta vel þannig að fleiri komi til að taka ákvarðanir varðandi félagsbúning.
- c) Svanhvít kom með tillögu um að stofna kvennadeild innan Glaðs til að efla félagsskap, gerður góður rómur að þessu og þær konur sem vilja geta skráð sig.
- d) Skjöldur Orri hóf umræðu um mótahald. Rætt hefur verið í mótanefnd hvort að á vetrarmótum eigi að keppa í karla- og kvennaflokki eða vera með flokka meira og minna vanra í stað þess. Spurning þá um viðmið á því hver er meira og hver minna vanur. Skjöldur Orri telur að þessi skipting gæti orðið til þess að meiri þátttaka yrði. Eyþóri leist vel á að prufa þetta en bendir á að vel gangi eins og fyrirkomulag er nú. Þórður leggur til að ef farið verði í svona skiptingar þá þurfi að vera leiðbeinandi reglur til viðmiðunar, Þórður segir að einnig geti flokkar heitið 1. og 2. flokkur en ekki óvanir og vanir. Harald gerði athugasemd við opnu mótin, hvort það hefði aukið þátttöku? Mótanefnd taldi svo vera. Rætt um þá stöðu sem upp hefur komið þegar aðkomu keppendur koma á mót Glaðs til að ná sér í punkta komast svo í úrslit hér en mæta svo ekki í úrslitin.

Þórður sleit fundi kl 22.50

Gyða Lúðvíksdóttir, ritari
Þórður Ingólfsson, formaður